

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menningar- og framfarasjóðs Sparisjóðs Vestur-Skaftafellssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. mars 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningar- og framfarasjóðs Sparisjóðs Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningar- og framfarasjóður Sparisjóðs Vestur-Skaftafellssýslu. Stofnfé sjóðsins er 20 000 000.00 króna framlag frá Sparisjóði Vestur-Skaftafellssýslu við formleg slit Sparisjóðsins. Stofnfé skal ávaxta í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Vík.

2. gr.

Af árlegum tekjum sjóðsins skal aldrei ráðstafa hærri upphæð en sem nemur þremur fjórðu hlutum árlegra vaxta.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og styrkja menningar- og framfararmál í Vestur-Skaftafellssýslu.

4. gr.

Tilgangi sjóðsins skal m.a. ná á eftirfarandi hátt:

- a) með viðurkenningu fyrir rannsóknir á sögu héraðsins eða styrkveitingum til að vinna að verkefnum á því sviði.
- b) með því að stuðla að útgáfu skafffélsskra bóka og blaða.
- c) með því að styrkja önnur verkefni, sem eru til almenningsheilla og horfa til framfara í héraðinu.

5. gr.

Heimilt er að veita viðurkenningar í formi styrkja eða lána., hvort heldur er til stofnunar, félags eða einstaklinga.

Fylgja skal eftirfarandi meginreglum við úthlutun úr sjóðnum:

- a) veita skal einn til þrjá styrki eða lán, er nemi allt að þrem fjórðu hlutum árlegs úthlutunarfjár.
- b) einum fjórða hluta er heimilt að skipta milli allt að fimm einstaklinga hverju sinni.

6. gr.

Fresta má úthlutun úr sjóðnum og er þá heimilt að veita í einu lagi fyrir tvö eða fleiri ár í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þeir kosnir til eins árs í senn. Fyrstu 10 árin, sem sjóðurinn starfar, skal kjöri stjórnarmanna hagað þannig, að sýslunefnd kýs 3 menn annað árið, en núverandi ábyrgðarmenn Sparisjóðsins 2, en næsta ár kýs sýslunefnd 2 stjórnarmenn en ábyrgðarmenn 3. Að 10 árum liðnum fellur kjör ábyrgðarmanna niður og kýs sýslunefnd þá alla stjórnarmenn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins annast fjárreiður hans og úthlutar viðurkenningum úr honum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins. Þar skulu og bókaðar allar samþykktir stjórnar, tillögur og ákvarðanir um úthlutun úr sjóðnum hverju sinni.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Stjórnin leggur endurskoðaða reikninga sjóðsins fyrir sýslunefnd til staðfestingar.

11. gr.

Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu kýs sjóðnum endurskoðendur til eins árs í senn.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Byggingaþjónustuna, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. mars 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Byggingaþjónustuna.

Arkitektafélag Íslands, Húsnæðismálastofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, öll í Reykjavík, hafa orðið ásátt um að koma á fót stofnun, sem reki upplýsingaþjónustu á sviði byggingariðnaðar, byggingartækni og byggingarlistar og í framhaldi af þessu samkomulagi setja þessir aðilar stofnuninni eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og nafn hennar er Byggingaþjónustan. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið Byggingaþjónustunnar er, að hún sé vettvangur íslenskra byggingarmála, m. a. með því að auðvelda mönnum kynni af hvers konar byggingarefnum og notkun þeirra, að gangast fyrir umræðum um málefni byggingariðnaðar, byggingartækni og byggingarlistar, að stuðla að endurmenntun og fræðslu fagmanna á sviði þessara faggreina, að gefa húsbyggjendum og tæknimönnum kost á hlutlausum upplýsingum um byggingarmálefni, að leggja áherslu á kynningu á íslenskri byggingar-efnaframleiðslu, að starfrækja tæknibókasöfn, að halda byggingarefnaskrá og starfrækja verðbanka og aðstoða við kostnaðaráætlanir og útboðsgerð.

3. gr.

Heimilt skal Byggingaþjónustunni að starfrækja útibú hvar sem er á landinu.